

TÓNLISTARBORGIN  
REYKJAVÍK

# Aðstaða til tónleikahalds í Reykjavík

# Úr skýrslu starfshóps um Tónlistarborgina Reykjavík (gefin út í maí 2017)

„Reykjavík skilgreinir sig sem unga og ferska, alþjóðlega menningarborg þar sem áhersla er m.a. lögð á skapandi greinar og þekkingariðnað. Háskólasamfélag byggir að stórum hluta á ungu og menntuðu fólki sem vill njóta menningar. Sterkur tónlistargeiri og gott aðgengi að lifandi tónlist eykur lífsgæði borgarbúa og er aðlaðandi fyrir fjölpjóðlegt samfélag fólks og fyrirtækja. Blómlegt tónlistarlíf styður afar vel við markmið Reykjavíkurborgar til framtíðar og nær langt umfram menningarstefnu borgarinnar.“

„Tónlist er mikilvægt samfélagslegt afl og sjálfstæð uppspretta menningarlegra og efnahagslegra gæða auk þess að vera farvegur fyrir mikil sóknarfæri í frjóu borgarumhverfi. Með því að móta heildstæða stefnu og skýra aðgerðaáætlun um Tónlistarborgina getur Reykjavíkurborg nært enn frekari uppbyggingu öflugs tónlistarlífsins með þeim samfélags- og efnahagslega ávinningi sem því fylgir.“

# Af hverju á borgin að styðja við tónleikahald / tónleikastaði?

- Í nýlegri rannsókn Rannsóknarseturs skapandi greina kemur fram að lifandi flutningur tónlistar er mikilvægasta tekjulind íslensks tónlistarfólks. 65% áhugatónlistarmanna sögðu það mikilvægustu tekjulind sína, samanborið við 75% þeirra sem hafa tónlist að atvinnu (Heimild: Íslenski tónlistariðnaðurinn í tölum, 2018)
- “Music needs a home. Or in the context of a Music City, it needs many homes: rehearsal spaces, recording studios, music education institutions and live performance venues.” (Heimild: The Mastering of a Music City, 2015)

# The venue ladder

“To support a thriving music community in which artists can get a start, develop their talent and then shoot for the stars requires a full range of live venues, from tiny clubs to large stadiums, and everything in-between. This continuum of venues, where artists have a place to play at every stage of their careers, has been called the “venue ladder.” Ideally, a Music City will have one or more venues for every step up the ladder.”

“The latter must span a broad range of types: indoor and outdoor, small, medium and large; formal and informal. Shabby basements where budding artists get a start. Massive concert halls filled to capacity by international superstars. Parks used to host music festivals. These and other places are where artists connect with music fans. They are the places where musical talent is developed and music is created, perfected and recorded. Quantity and variety of spaces are important, but so too is quality. The great live music that draws audiences requires great sound.”

Heimild: The Mastering of a Music City, 2015

# Menningarstefna Reykjavíkur 2014 - 2020

- „Skapandi greinar eru hluti af grunnþáttum efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.“
- „Reykjavík skapi sér sérstöðu sem kraftmikil og skapandi borg þar sem eftirsóknarvert er að búa og starfa.“
- „Eitt af undirstöðuatriðum bæði listsköpunar og sýningaraðstöðu er viðeigandi rými“
- „Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum“
- „Auk þess að styðja við gróin verkefni sem hafa fundið sinn farveg, þarf borgin að hlúa að grasrótar- og tilraunastarfsemi, sem oft er vísirinn að því sem koma skal“
- „Gott aðgengi að menningu í stafrænum miðlum greiðir fyrir þátttöku almennings í menningarlífi og opnar menningarstarfsemi borgarinnar út á við“

# Það sem hefur verið gert til þessa

- Fundir með tónleikastöðum
- Kortlagning tónleikastaða og djúpvíðtöl
- Vinnustofa með hagsmunaaðilum næturlífsins
- PULS-áætlun Norræna menningarsjóðsins
- Verkefni í vinnslu: Úttekt á tónleikastöðum og úttekt á næturlífskerfi borgarinnar með Rannsóknarsetri skapandi greina. Fræðsludagskrá Tónlistarborgarinnar með sérstaka áherslu á fræðslu fyrir tónleikastaði til að efla þá.

# Aðstaða til tónleikahalds í RVK- Áskoranir

- Fáir staðir með lifandi tónlist sem megin áherslu, margir öflugir staðir lokað á undanförunum árum
- Vantar staði sem brúa bil á milli minni staða (100 – 300 cap) og Hörpu, svipað og Nasa gerði á sínum tíma (800 cap)
- Vantar vettvang í anda Rósenberg sem sinnti vel ákveðinni senu og þar sem fólk gat farið á sitjandi tónleika í notalegu umhverfi og jafnvel notið matar og drykkjar á meðan
- Tónleikastaðir eru að glíma við hátt leiguverð sem starfsemi þeirra getur ekki staðið undir
- Aðstöðu tónleikastaða er víða ábótavant. Þeir eru svo uppteknir við að ná endum saman að þeir ná ekki að byggja staðina upp, svo sem uppfæra hljóðkerfi, bæta aðstöðu og aðgengi.
- Þar sem fjárhagsstaða þeirra flestra er erfið geta þeir ekki tekið sénsa á hljómsveitum, þ.e. flestir fara í það að bóka vinsælar hljómsveitir sem tryggja sölu á barnum. Þannig fá yngri og minna þekkt bönd fá tækifæri til að koma fram
- Ísland er einangrað og fær því sjaldnar til landsins „up-and-coming“ hljómsveitir á tónleikaferðalögum

# Aðstaða til tónleikahalds í RVK – Áskoranir

- Við eigum engan „all ages“ tónleikastað sem sinnir allra yngstu böndunum / grasrótinni, t.d í anda Fellahellis sem var og hét. Hellirinn í Tónlistarþróunarmiðstöðinni gæti sinnt þessu hlutverki fengist til þess stuðningur
- Harpa er of dýr nema fyrir allra stærstu böndin. Tónlistarhátíðir hafa einnig þurft frá að hverfa vegna kostnaðar
- Sumar tónlistarhátíðir eiga í þó nokkrum erfiðleikum við að finna tónleikastaði sem hæfa dagskrá þeirra, Jazzhátíð Reykjavíkur er þar á meðal og Reykjavík Metal Festival
- Þótt víða sé hægt að halda tónleika um borgina sé viljinn fyrir hendi eru staðir sem bjóða upp á kjöraðstæður til tónleikahalds af skornum skammti. Staðir sem bjóða upp á tónleikahald í bland við aðra starfsemi eru oft of kostnaðarsamir fyrir tónlistarfólk/tónleikahaldara eða það vantar upp á gæðin og þjónustuna til að gera þá eftirsóknarverða í hugum tónlistarfólks
- Það skortir staði sem henta tilteknum senum, t.d. jazzsenunni sem leitaði mikið í Rósenberg.

# Aðstaða til tónleikahalds í RVK - áskoranir

- Íslenskar hljómsveitir sem hafa náð ákveðnum vinsældum og eiga stóran aðdáendahóp og sem vilja halda tónleika í óformlegu umhverfi en í Hörpu eiga í fá hús að venda. Þarna erum við að tala um staði sem taka um 500 – 1200 manns
- Sama gildir um tónleikahaldara sem vilja halda tónleika með meðalstórum erlendum hljómsveitum í óformlegu umhverfi og svo hafa tónlistarhátíðir eins og nýyfirstaðin Iceland Airwaves einnig þörf fyrir staði af þessari stærðargráðu
- Dæmi um að rekstur tónleikastaða hafi verið í uppnámi vegna deilna við nágranna um hávaða
- Leyfismál – of flókið og hægfara ferli
- Ferðamenn virðast ekki sækja tónleika alla jafna (fyrir utan tónlistarhátíðir)

# Tónleikastaðir standa víða höllum fæti


- "Throughout my career I've been lucky enough to play in venues of all different shapes and sizes, from tiny clubs to massive stadiums all over the world. Without the grassroots clubs, pubs and music venues my career could have been very different. ...artists need places to start out, develop and work on their craft and small venues have been the cornerstone for this. If we don't support live music at this level then the future of music in general is in danger." – Paul McCartney
- <https://www.youtube.com/watch?v=D-k4QjKFLYs>

# Staðir með lifandi tónlist sem megin áherslu

- Harpa – Eldborg (1600 - 1800 sæti), Norðurljós (520 sæti, 650 stæði), Silfurberg (840 sæti, 1100 stæði), Kaldalón (195 sæti)
- Húrra (310 stæði)
- Mengi (50 sitjandi, 80 stæði)
- Dillon (70 stæði)
- Hard Rock Café (120 sitjandi, 250 stæði)
- Gaukurinn (300 stæði)
- R6013 (10 sitjandi, 25 stæði)

# Menningarhús með aðstöðu til tónleikahalds

- Gamla bíó (400 sæti, 550 stæði)
- Háskólabíó (970 sæti)
- Austurbær (520 sæti)
- Iðnó (175 sæti, 300 stæði)
- Norræna húsið (90 sæti, 140 stæði)
- Hannesarholt (85 sæti, 140 stæði)



# Barir / veitingastaðir m/ lifandi tónlist og/eða skífuþeytum í forgrunni (vs. bakgrunni)

- Prikið
- Paloma
- Kex Hostel
- Bar Ananas
- Boston
- Bravó
- Vintage Box
- Bryggjan Brugghús
- Slippbarinn
- Kaffibarinn

# Íþróttahallir

- Egilshöll
- Laugardalshöllin
- Vodafone-höllin



# Aðrir möguleikar (einstaka tónleikar)

- Leikhús: Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið, Tjarnarbíó
- Stúdentakjallarinn
- Tjarnarsalurinn í ráðhúsinu
- Hostel / Hotel: Bus Hostel, Loft Hostel, Hlemmur Square
- Kirkjur, svo sem Hallgrímskirkja, Langholtskirkja og Fríkirkjan
- Gallerý Port
- Listasöfn, s.s. Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
- Verslanir: Lucky Records (In-Store), 12 Tónar (In-Store), Quest – Hár og bar (In-Store)
- Söfn: Sjóminjasafnið, Þjóðminjasafnið
- Von – SÁÁ
- Tónlistarskólar

# Möguleikar til tónleikahalds utandyra



# Aðrir staðir á Höfuðborgarsvæðinu (ekki RVK)

- Bæjarbíó í Hafnarfirði
- Salurinn í Kópavogi
- Kórinn í Kópavogi
- Hlégarður í Mosfellsbæ



# Hugmyndir að verkefnum til úrbóta

- Borgin móti formlega aðgerðaáætlun fyrir lifandi tónlistarflutning, svipað og gert var í [Sydney](#)
- Setja á laggirnar úrbótasjóð fyrir tónleikastaði sem veitir styrki til úrbóta, t.d. ef bæta á aðgengi, bæta baksviðsaðstöðu tónlistarfólks, auka hljómgæði, efla hljóðeinangrun, efla tækjakost o.s.frv
- Styðja sérstaklega við tónleikahald með yngri böndum (grasrótinni) þar sem tónleikastaðirnir tala um að hafa sjaldnast tök á að taka sénsa þegar kemur að því að bóka hljómsveitir, t.d. afturvirkur sjóður
- Koma upp og styðja við rekstur „all ages“ tónleikastaðar, í anda gamla Fellahellis, í Hellinum í Tónlistarþróunarmiðstöðinni, sem sinnir allra yngstu böndunum. Ráða verkefnastjóra / tónleikabókara í hlutastarf og gera þær úrbætur sem þarf
- Finna leið til að gera Listasafn Reykjavíkur (Hafnarhúsið) að fýsilegri tónleikastað með því að lækka kostnað tónleikahaldara og hljóðeinangra

# Hugmyndir að verkefnum til úrbóta, framh.


- Búa til hvatakerfi fyrir eigendur fasteigna í miðbænum svo þeir leggi frekar húsnæði til menningar- og tónlistarstarfsemi og/eða skoða „zoning“
- Kortleggja ódýrt og tómmt húsnæði fyrir utan miðborgina (skoða jafnvel út frá leiðum Strætó) og finna leiðir til að hvetja til uppbyggingar tónleikastaða þar – t.d. Amsterdam.
- Styðja við tónleikastaðina með annars konar hætti, t.d. með öflugri fræðsludagskrá sem styrkir þá – sem dæmi: vinnustofa í storytelling og notkun samfélagsmiðla, fræðsla um styrkjamöguleika og svo þarf borgin almennt að miðla upplýsingum til þeirra með skemmtilegum hætti t.d. um leyfismál og annað sem tengist borginni
- Efla Hvirfil sem viðburðadagatal svo íbúar og gestir borgarinnar fái betri vitneskju um tónlistarviðburði í borginni – skoða möguleika á að búa til viðburða-app Reykjavíkurborgar í framtíðinni
- Harpa – finna leiðir til að lækka kostnað við tónleikahald í húsinu og gera heildarupplifunina af því að halda og vera á tónleikum í húsinu skemmtilegri
- Leyfismál – straumlínulaga / einfalda þá ferla. Auðvelda tímabundnar leyfisveitingar í tengslum við sérstaka viðburði- t.d. Airwaves, Menningarnótt. Vera með einn tengilið fyrir tónleikastaði innan borgarinnar. Fræða og miðla. Skoða Agent of Change Principle (Breytingalögmálið, samanber Bretland)

# Hugmyndir að verkefnum til úrbóta, framh.

- Koma upp föstu útisviði sem getur hýst stærri sem minni viðburði
- Skilgreina svæði / torg í miðborginni sem geta hýst minni útitónleika á sumrin og vera með verkefnastjóra / tónleikabókara í hlutastarfi við að halda utan um þá dagskrá
- Nasa – hafa tónlistarfólk og hljóðmenn með í ráðum við endurbyggingu salarins og val á hljóðkerfi o.s.frv.
- Bjóða tónleikastöðum upp á áskrift að tækjabanka, t.d. í samstarfi við hljóðkerfaleigur til að minnka kostnað við að tækjaleigu. Niðurgreitt af borginni. Dæmi um slíkt t.d. í Bandaríkjunum og Kanada
- Borgin skoði mótframlag inn í PULS-áætlun Norræna menningarsjóðsins til að fjölga erlendum hljómsveitum (minni og „up-and-coming“) sem koma hingað allan ársins hring, en ekki einungis þegar tónlistarhátíðir standa yfir

# Endum á jákvæðum nótum

- Fulltrúar tónleikastaðanna jákvæðir í garð borgarinnar og finnst þeir hafa frelsi til framkvæmda
- Það ríkir traust til borgarinnar
- Jákvæðir í garð verkefnisins um Tónlistarborgina og þeirrar vinnu og þess samtals sem hefur átt sér stað að undanfögnu
- Telja mikilvægt að þessi vinna leiði til breytinga
- Margt smátt gerir eitt stórt – tiltölulega litlar breytingar geta haft mjög jákvæðar afleiðingar í för með sér.



TÓNLISTARBORGIN  
REYKJAVÍK



**“For live performances, a full range of venues is essential to support artists as they advance through their careers – everything from small basement venues to stadiums and all points in between.”**

*-Úr “Mastering of a Music City”, skýrslu IFPI og Music Canada*